



Flensborgarskólinn í Hafnarfirði

Ársskýrsla 2008



Samantekt

Viðamiklum framkvæmdum við viðhald og endurbætur á eldri húsum skólans sem ákvarðaðar voru samfara nýbyggingu lauk á haustmánuðum 2008. Allt húsnæði skólans hefur nú verið endurnýjað.

Áfram var unnið við þróun innra starfs skólans, við sjálfsmat, endurskoðun skólanámskrár og endurskoðun ýmissa verkferla. Sjálfsmatsaðferðir og sjálfsmatsferli skólans var tekið út á árinu og stóðst öll viðmið sem gerð eru um sjálfsmat.

Í heild gekk starfsemi skólans vel en óneitanlega höfðu viðhalds-framkvæmdir áhrif á skólastarfið 2008 eins og undanfarin ár.

Með nýju húsnæði haustið 2006 skapaðist svigrúm fyrir verulega fjölgun nemenda, bæði í hefðbundið nám sem og á starfsbraut. Umsóknum nemenda hefur fjölgað stöðugt undanfarin ár og nemendum skólans fjölgað jafnt og þétt. Mikil aðsókn nemenda var einnig við innritun fyrir haustönn 2008 og nemendur skólans hafa aldrei verið fleiri en þeir voru á haustönn. Alls hófu 820 nemendur nám í dagskóla við skólann við upphaf haustannar 2008 og rúmlega 80 í fjarnámi. Við upphaf haustannar var alls 901 nemandi á skrá.

Við hönnun núverandi bygginga var gert ráð fyrir að skólinn gæti mest þjónað 800 nemendum í dagskólanámi. Því marki hefur þegar verið náð. Gert var ráð fyrir starfsbraut með 15 nemendum en þar eru nemendur í dag 18.

Skólinn er að þjónusta mjög fjölbreyttan hóp nemenda sem krefst ólíkra úrræða sem er kostnaðarsamt. Niðurstaða reksturs var nokkurn veginn í jafnvægi á árinu þegar allt var talið en ekki náðist að greiða niður uppsafnaðan rekstrarhalla frá fyrri árum. Þar komu fyrst og fremst til mikil óvænt útgjöld í tengslum við framkvæmdirnar í skólanum, útgjöld sem ekki var reiknað með að skólinn þyrfti að standa straum af.

Hópanýting hefur sífellt batnað með fjölgun nemenda á undanförunum árum og var hópanýting rétt um 100% við upphaf haustannar 2009. Vandséð er að unnt verði að hagræða meira á því sviði í rekstrinum. Nemendum almennra brauta sem sækja hefðbundna hægferðarhópa er hætt við brottfalli og mikilvægt að skoða sérmerkingu nemenda á almennum brautum í reiknilíkani. Hópaviðmið hægferða þarf að endurmeta til að unnt verði að sinna þeim hópi með fullnægjandi hætti því að í hægferðum eru nemendur almennrar brautar uppistaðan. Þetta er nauðsynlegt þannig að sanngirni sé í fjárframlögum til skóla sem sinna nemendum á almennum brautum.

Á árinu 2009 er gert ráð fyrir rúmlega 3% hagræðingu í rekstri. Í ljósi hagræðingar undanfarinna ára er útlit fyrir að erfitt verði að ná þeim sparnaði án skerðingar á þjónustu við nemendur.

Á fjárlögum 2009 er gert ráð fyrir fækkun ársnemenda við skólann, þvert á tillögu stjórnenda skólans og þrátt fyrir að allar rauntölur sýni þveröfuga þróun. Aldrei hafa fleiri nemendur verið skráðir við nám á vorönn en á vorönn 2009. Komi ekki til breyting á fjölda ársnemenda er ljóst að það stefnir í mikil

vandkvæði við innritun í Hafnarfirði á komandi sumri þar sem Flensborgarskólinn mun einungis geta innritað lítið brot af væntanlegum umsækjendum. Enginn skólasamningur er í gildi og hefur ekki verið frá upphafi árs 2006. Stjórnendur skólans leggja áherslu á að gengið verði til samninga við skólann og gengið frá nýjum skólasamningi. Það er óviðunandi að samskipti skólans og ráðuneytis fylgi ekki formlegu og lögbundnu ferli um meðferð mála.

Árið 2008

Hlutverk

Flensborgarskólinn starfar samkvæmt lögum nr. 92/2008 um framhaldsskóla að því marki sem þau hafa tekið gildi en annars samkvæmt lögum nr. 80/1996 um framhaldsskóla.

Hlutverk skólans er að sinna kennslu til stúdentsprófs á þeim bóknámsbrautum áfanga- og fjölbrautakerfis sem skilgreindar eru í drögum að skólasamningi sem hefur verið óundirritaður frá 2006. Þar er einnig kveðið á um nokkrar styttri starfsnámsbrautir við skólann, s.s. almenn námsbraut, grunnám upplýsinga- og fjölmiðlagreina og fjölmiðlatækni. Í skólanum er einnig starfrækt fjögurra ára starfsbraut.

Meðfram öllum stúdentsbrautum skólans hefur verið þróað og skipulagt sérstakt íþróttasvið og jafnframt íþróttafrekssvið í samstarfi við íþróttafélög í Hafnarfirði. Einnig gefst nemendum skólans tækifæri á að tengja listnám úr viðurkenndum listaskólum inn á allar stúdentsbrautir á samsvarandi hátt sem listnámssvið.

Flensborgarskólinn á einnig í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ, Menntamálaráðuneytið og Iðnskólann í Hafnarfirði um rekstur fjölgreinabrautar sem staðsett er í Menntasetrinu við Lækinn í Hafnarfirði.

Flensborgarskólinn á einnig í samstarfi við Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar.

Flensborgarskólinn lítur á það sem sitt meginhlutverk að búa nemendur sína sem best undir frekara nám á háskólastigi jafnframt því að veita haldgóða almenna menntun, menntun sem nýtist nemendum í daglegu lífi og starfi sbr. 2.gr. laga um framhaldsskóla.

Flensborgarskólinn skilgreinir sig sem þjónustustofnun sem fyrst og miðar að því að bjóða hafnirskum ungmönnum trausta menntun á þeim sviðum sem skólinn starfar. Þjónustusvæði skólans markast af grunnskólum Hafnarfjarðar. Nemendur sem ekki eiga heimili í Hafnarfirði eru þó einnig boðnir velkomnir í skólann og skólinn þjónar landinu öllu hvað varðar starfsnám í fjölmiðlun.

Flensborgarskólinn þjónar breiðum hópi nemenda, allt frá þeim sem þurfa úrræði á starfsbraut til þeirra sem vilja nám á sérstakri hraðferð til stúdentsprófs.

Nokkur áhersluatriði

Almennt um starfsemina á árinu 2008

Á árinu 2008 var lokið við þær viðamiklu breytingar og endurbætur á eldri húsum skólans sem ákveðið var að ráðast í samfara nýbyggingu sem tekin var í notkun haustið 2006.

Þessar miklu framkvæmdir hafa haft mikil áhrif á starfsemina á undanförnum árum. Framkvæmdirnar hafa kostað miklar tilfærslur á starfseminni innanhúss og einnig leitt til verulegs auka kostnaðar í rekstri skólans og svo var einnig á árinu 2008.

Það er mikið ánægjuefni að þessar framkvæmdir séu nú komnar í höfn.

Samfara stækkun og endurbótum á húsnæði skólans hefur nemendum fjölgað mikið á undanförnum árum og við upphaf haustanna 2008 var nákvæmlega 901 nemandi við nám í skólanum, þar af rétt um 820 í dagskólanámi.

Nemendur hafa aldrei verið fleiri í 126 ára sögu skólans.

Þessi mikla nemendafjölgun á undanförnum þremur árum hefur jafnframt leitt til tölverðrar fjölgunar starfsmanna á sama tíma. Nýráðningar starfsfólks hafa gengið mjög vel og starfsemi skólans stendur styrkum fótum eftir þetta mikla stækkunar- og umbreytingaferli.

Haustið 2008 var ráðinn tímabundið, í 50% starf, sérstakur verkefnastóri í starfsmannamál. Þetta var gert í ljósi mikillar fjölgunar starfsmanna á undanförnum árum og brýnnar þarfar til að endurskoða starfslýsingar og ýmsa verkferla í kjölfar þess. Þessi ráðning hefur tvímælalaust skilað miklum árangri og reynst vel.

Á árinu 2008 voru sett sem helstu markmið:

- að ljúka öllum framkvæmdum við skólann
- að draga úr brottfalli nemenda
- að auka nýtingu í námshópum
- að draga úr uppsöfnuðum rekstrarhalla skólans
- að standast væntanlega úttekt á sjálfsmatsferli skólans
- að ljúka gerð og kynningu eineltisáætlunar fyrir skólann
- að hefja vinnu við gerð nýrrar skólanámskrár
- að hefja vinnu við gerð nýrrar öryggisáætlunar fyrir skólann
- að endurskoða allar starfslýsingar starfsmanna skólans

Í heild sinni gekk starfsemi skólans vel á árinu 2008 og flest þau markmið sem sett voru náðust. Aðsókn nemenda að skólanum var mikil, eins og áður segir og árangur nemenda á prófum óvenju góður.

Námsframboð skólans var óbreytt frá fyrri árum og lögð áhersla á að styrkja það námsframboð sem skólinn byggir á og mótar hans sérstöðu.

Skólasamningur:

Við upphaf ársins 2006 náðist ekki samkomulag um nýjan skólasamning fyrir skólann og er því enginn undirritaður samningur í gildi.

Litlar viðræður hafa farið fram á milli skólans og ráðuneytisins um gerð skólasamnings frá þeim tíma er upp úr slitnaði né heldur einstök málefni sem aðilar voru þó sammála um að þyrfti að ræða og taka ákvörðun um.

Það er óviðunandi að samskipti skólans og ráðuneytisins séu ekki í þeim farvegi sem lög og reglugerðir kveða á um. Stjórnendur skólans leggja áherslu á nauðsyn þess að bæta úr þessu.

Stórmyndur skólans leggja jafnframt mikla áherslu á að öllum erindum skólans til mentamálaráðuneytis er varða starfsemi skólans sé svarað með formlegum hætti innan eðlilegra tímamarka.

Skólanámskrá:

Skólanámskrá skólans var síðast endurskoðuð í heild á árinu 2006.

Skólanámskráin er birt í heild sinni á vef skólans en nokkur sérit úr henni eru gefin út reglulega m.a. í tengslum við kynningar til grunnskólanema og foreldra.

Einstakir þættir skólanámskrár eru í sífelldri endurskoðun og á árinu 2008 var m.a. gefin út heildstæð viðbragðsáætlun varðandi eineltismál.

Á árinu 2008 var í skólanum hafið starf við heildarendurskoðun skólanámskrár í samræmi við ný lög um framhaldsskólann sem tóku gildi 1. ágúst 2008 og eiga að koma til framkvæmda smám saman á næstu þremur árum. Innan skólans verður höfðuðáherslan á þessa námskrárvinnu á árinu 2009 og framan af ári 2010. Gert er ráð fyrir að mótaðar tillögur um nýja skólanámskrá liggja fyrir haustið 2010. Sérstakur þróunarstyrkur að upphæð 3,5 milljónir hefur fengist til þessa verkefnis á árinu 2009.

Flensborgarskólinn mun jafnframt hafa samstarf við aðra skóla í þessari vinnu og þegar er hafið samstarf við Fjölbrautaskólann í Garðabæ og Menntaskólann á Egilsstöðum í þessu sambandi.

Stofnanasamningar:

Á árinu 2008 var stofnanasamningur skólans við starfsmenn innan KÍ endurskoðaður og gerður viðauki við hann til að fella inn 4% hækkun sem ákvörðuð var til KÍ félaga á árinu.

Heildarhækkun launa KÍ félaga í skólanum varð í samræmi við þá hækkun sem ákvörðuð var.

Sjálfsmat:

Verk- og framkvæmdaáætlun fyrir sjálfsmat skólans hefur verið til frá árinu 2002 og er skilað til menntamálaráðuneytisins. Þessi áætlun er endurskoðuð árlega.

Sjálfsmat innan skólans er í föstum skorðum og stýrt að sérstökum verkefnastjóra.

Vinnan á árinu 2008 var samkvæmt áætlun og náðust sett markmið við vinnu sjálfsmatsins.

Auk hefðbundinna fastra þátta í sjálfsmatinu voru eftirtalin verkefni tekin til sérstakrar skoðunar á skólaárinu 2007 – 2008:

Móttaka nýrra starfsmanna, forvarnir innan skólans, mötuneyti skólans og samstarfsverkefni skólans við Tornbjerg Gymnasium í Danmörku.

Vinna við sjálfsmatið fylgir skólaárinu og sjálfsmatsskýrsla skólaársins 2007 – 2008 var birt í september 2008.

Sjálfsmatsskýrslan fylgir með ársskýrslunni.

Haustið 2008 var sjálfsmatsferli skólans tekið út í annað sinn. Skólinn stóðst allar þær kröfur sem gerðar eru. Svo var reyndar einnig við síðustu úttekt fyrir fimm árum.

Í umsögn úttektarmanna segir m.a.:

„Flensborgarskóli var heimsóttur 30. október sl. Fyrir lá af þeim gögnum sem úttektaraðilar höfðu móttekið um sjálfsmatsstarf skólans að mikið og metnaðarfullt starf hafi verið unnið á undanförunum misserum og árum.

Fundað var með forsvarsmönnum sjálfsmats, fulltrúum kennara og nemenda.

Úttektaraðilar telja að mjög vel og skipulega hefur verið haldið utanum sjálfsmatsstarfið í Flensborgarskóla undanfarin ár. Almenn ánægja virðist meðal kennara með sjálfsmatsvinnuna, enda hefur sýnt sig að starfið skilar árangri í átt að betra skólastarfi.

Að mati úttektaraðila uppfyllir Flensborgarskólinn viðmið menntamálaráðuneytis bæði varðandi sjálfsmatsaðferðir sem og framkvæmd sjálfsmats.”

Almenn námsbraut:

Á árinu 2008 bauð skólinn ekki upp á námsleið samkvæmt AN 1 sem var hugsuð fyrir þá sem lakast eru settir en falla þó ekki undir skilgreiningu fyrir nám á starfsbraut. Í þess stað á skólinn í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ og lönnskólann í Hafnarfirði um fjölgreinabraut sem er úrræði fyrir samsvarandi hóp nemenda. Samkvæmt samningi við Menntamálaráðuneytið er gert ráð fyrir plássum fyrir 12 nemendur í fjölgreinánáminu en vegna mikillar aðsóknar haustið 2008 var veitt heimild fyrir allt að 20 nemendum. Niðurstaðan var að 18 nemendur voru við nám á fjölgreinabrautinni haustið 2008.

Skólinn tók hins vegar, eins og áður, inn stóran hóp nemenda sem þurftu úrræði á AN 2, þ.e. nemendur sem höfðu náð einhverju(m) samræmdum prófum en þurfa upprifjun í flestum kjarnafögum og þurfa, a.m.k. sum hverjir, mikla stoðþjónustu samhliða námi. Í skólanum voru á haustönn rúmlega 100 nemendur, fyrir utan þá nemendur sem voru á starfsbraut, sem höfðu sérstakar greiningar um námsörðugleika.

Stór hluti nemenda sem innritast á almennar námsbrautir á við mikla námslega og félagslega erfiðleika að stríða og virðast einstök mál þyngjast ár frá ári. Þrátt fyrir að innan skólans hafi verið lögð mikil vinna í að búa til skipulag til að bregðast við þarf á hverju ári að setjast niður og leita nýrra leiða.

Margir nemendur þurfa mjög sérhæfð úrræði sem erfitt er fyrir skólann að mæta þannig að þessir nemendur finni sér stað í námi og starfi.

Rekstur almennrar brautar er erfiður þar sem þorri nemenda á brautinni hefur námslega færni, samkvæmt útkomu á samræmdum prófum, til að sækja nám í hægferðum og reiknast því að stórum hluta samkvæmt viðmiðum almenns hægferðanemanda ekki samkvæmt viðmiðum áfanga á almennri braut. Þessir nemendur eiga í miklum erfiðleikum með að fóta sig í fjölmönnum hægferðar-áföngum (hægferðaráfangar í bóknámi sæta sömu hópastærðarviðmiðum og almennir bóknámsáfangar) og brottfallshætta því mikil. Kröfur um sparnað og aukna hagræðingu hefur leitt til fjölgunar í hægferðarhópum sem aftur hefur áhrif á möguleika kennara til að sinna þessum hópi með fullnægjandi hætti

Það er mikilvægt hagsmunamál fyrir skóla sem sinna nemendum á almennri námsbraut að nemendur sem flokkast inn á almennar brautir hafi í reiknilíkani sérstakan verðstuðul en reiknist ekki bara þegar hann er í áföngum sem eru sérmerktir með millitöluna 9 í áfanganúmeri.

Þessir nemendur þurfa meiri stoðþjónustu, utanumhald og fámennari hópa í öllum áföngum ef árangur á að nást í námi og minnka brottfall úr þessum hópi.

Brottfall nemenda sem eiga við námslega, félagslega eða tilfinningalega erfiðleika að stríða er enn of mikið þrátt fyrir að sífelld sé verið að leita nýrra úrræða.

Sérstaklega þarf að huga að endurskipulagning á námsframboði fyrir þennan hóp nemenda við endurskoðun námskrár sem nú stendur yfir.

Sérdeild/starfsdeild

Þjónusta starfsdeildar sem og námsskipulag hefur verið skilgreint í skólanámskrá samkvæmt áætlun. Allt skipulag deildarinnar var endurskoðað í kjölfar úttektar í sjálfsmati skólans sem, lá fyrir vorið 2006.

Skipulag starfsþjálfunar fyrir nemendur starfsbrauta eru ekki í nógu góðum farvegi og þarfnast endurskoðunar að hálfu stjórnvalda og skólanna.

Mikilvægt er að skýra aðkomu atvinnulífsins að þessum þætti menntunar-úrræðis nemenda á starfsbrautum.

Jafnframt er mikilvægt að sem fyrst komi skýrar línur frá Menntamálaráðuneyti um framtíðarskipulag starfsbrauta í kjölfar nýrra laga um framhaldsskólann.

Húsnæði starfsbrautar er fullnýtt en alls stunduðu 18 nemendur nám á brautinni á haustönn 2008.

Í samráði við menntamálaráðuneytið er um að ræða blandaða starfsbraut með einstaklingum sem þurfa mjög mismunandi þjónustu.

Starfsemi brautarinnar gekk mjög vel á árinu og allir nemendur brautarinnar sýndu verulegar framfarir hvort heldur litið er til námslegrar eða félagslegrar færni. Sex nemendur voru útskrifaðir eftir fjögurra ára nám af starfsbrautinni vorið 2008.

Rekstur deildarinnar hefur verið fjárhagslega mjög erfiður undanfarin ár.

Fjölgun nemenda hefur þó leitt til meiri hagkvæmni í rekstri en var fyrstu árin. Þrátt fyrir það er enn halli á rekstri deildarinnar.

Menntun nýbúa:

Þjónusta við menntun nýbúa hefur verið skilgreind. Hér er um að ræða hóp nemenda með mjög ólíkan bakgrunn og forsendur. Í skólanum er nokkur hópur nýbúa sem fylgir almennri námskrá og stendur sig almennt mjög vel í námi.

Sérstakt framlag til íslenskukennslu sem unnt er að sækja um gjörbreytir möguleikum skólans til að sinna þeim hópi sem innritast til náms með litla getu og færni í íslensku máli.

Dreifnám og upplýsingatækni:

Aðstaða og búnaður skólans í upplýsingatækni hefur verið endurnýjaður mikið á s.l. tveimur árum og almennt er staðan góð. Útgjöld vegna upplýsingatækni verða æ stærri liður í rekstri skólans og virðist stórlega vanmetinn í þeim kostnaðargrunni sem liggur til grundvallar útreiknings rekstrargjalda.

Innan skólans hefur á undanförunum árum verið unnið að þróun fjarkennslu sem hingað til miðast þó fyrst og fremst við að þjóna grunnskólanemendum í Hafnarfirði sem hafa hæfni og getu til að stunda nám í framhaldsskóla í einstaka námsáföngum samhliða grunnskólanámi.

Skólinn gæti með mjög skjótum hætti boðið fjölbreytt fjarnám ef auknar fjárheimildir fyrir fleiri ársnemendur fást á fjárlögum.

Húsnæðismál

Framkvæmdum við nýbyggingu, endurbætur og breytingar á eldri húsum lauk að mestu á haustmánuðum 2008. Einungis eru eftir lagfæringar á nokkrum atriðum í nýbyggingu skólans sem ekki hafa reynst í lagi frá upphafi. Mjög erfitt hefur verið að fá verktaka til að ljúka því verki. Vonir standa til að gengið verði á verktryggingar til að koma þeim málum í höfn á árinu 2009. Nánast allt húsnæði skólans hefur verið tekið í gegn á s.l. þremur árum og telst öll aðstaða mjög góð.

Nemendafjöldi, verkefni og breytingar á starfseminni.

Á árinu 2008 var Flensborgarskólanum áætlaðir 760 ársnemendur á fjárlögum en í uppgjöri ársins reyndust þeir 772.

Fyrir vorönn 2008 bárust 77 nýjar umsóknir og alls hófu 742 nemendur nám á vorönn 2008, þar af rétt um 680 í fullu dagskólanámi.

Fyrir haustönn 2008 bárust skólanum alls 464 nýjar umsóknir um skólavist, þar af 80 frá nemendum sem sóttu um 1 – 3 áfanga í fjarnámi samhliða námi í grunnskóla, nemendur sem höfðu lokið 1 – 3 samræmdum prófum við lok 9. bekkjar.

253 umsóknir bárust frá nemendum sem höfðu lokið grunnskólaprófi vorið 2008. Alls var 901 nemandi við nám við upphaf haustannar, þar af rétt um 820 í fullu dagskólanámi.

Við inntöku var hafnað umsókn frá 62 nemendum af þeim sem sóttu um skólavist í dagskóla, þar af 10 sem voru að ljúka grunnskólanámi 2008.

Umsóknum í nám á Hagfræðibraut og nám á Íþróttáafrekssviði fjölgaði hlutfallslega mest á milli ára.

Engar sérstakar breytingar voru gerðar á starfsemi skólans né námsframboði á árinu 2008.

Á árinu 2009 er gert ráð fyrir 740 ársnemendum samkvæmt fjárlögum, en inni í þeirri tölu eru allt að 20 ársnemendur á starfsbraut. Hér er um að ræða nokkra fækkun ársnemenda milli ára sem er verulegt áhyggjuefni fyrir innritun fyrir haustönn 2009 þar sem nemendur vorannar 2009 eru fleiri en nokkru sinni áður. Alls bárust 113 umsóknir fyrir nám á vorönn 2009 sem er 46% fjölgun milli ára.

Breyting á námsframboði.

Engar breytingar voru gerðar á námsframboði skólans á árinu 2008 og ekki eru fyrirhugaðar neinar stærrí breytingar á námsframboði á árinu 2009.

Á árinu 2009 verður hins vegar lögð áhersla á að vinna að útfærslu á nýrri skólanámskrá samkvæmt nýjum framhaldsskólalögum.

Reksturinn

Skólinn hefur á undanförunum árum gengið í gegnum miklar breytingar á húsnæði, stækkun þess og samfara því mikla fjölgun nemenda og breytingu á samsetningu þeirra. Leitað hefur verið allra leiða til hagræðingar í almennum rekstri og nýtingu námshópa. Nýtingarhlutfall í námshópum hækkaði enn milli ára og var t.d. rétt um 100% við upphaf haustannar. Vandséð er að mikið lengra verði náð í nýtingu námshópa án verulegrar skerðingar á námsframboði sem aftur mundi hafa áhrif á námsframvindu fjölda nemenda.

Kostnaður sem skólinn hefur endurtekið þurft að bera í tengslum við þær viðamiklu byggingarframkvæmdir og breytingar á eldri húsum hefur haft tölverð neikvæð áhrif á reksturinn á undanförunum árum. Á árinu 2008 varð skólinn enn að taka á sig mikinn kostnað vegna framkvæmdanna sem ekki hafði verið gert ráð fyrir. Hér var um að ræða kostnað vegna gluggatjalda í 12 kennslustofum sem voru endurnýjaðar á árinu sem og uppsetningu tækja og innréttinga í kennslueldhúsi skólans. Þetta var kostnaður sem reiknað var með að Fasteignir ríkissjóðs mundi greiða sem hluta af framkvæmdunum eins og undanfarin ár. Þarna var að mati skólans leikreglum breytt einhliða en ákvörðun Fasteigna ríkissjóðs fékkst ekki breytt og var m.a. borið við að allt fjármagn væri upp urið þar sem framkvæmdirnar við endurbæturnar hefðu farið fram úr áætlun. Hér virtist einnig skipta máli að skipt var um umsjónarmann með verkinu að hálfu Fasteigna ríkissjóðs. Skólinn varð að leggja út fyrir þessum kostnaði til að unnt væri að hefja skólastarf.

Á árinu var jafnframt öll aðstaða fyrir tölvumiðstöð skólans endurnýjuð sem hluti af endurnýjun húsnæðisins. Þess vegna þurfti að taka niður alla tölvumiðstöð skólans, setja upp og tengja á öðrum stað í húsinu til bráðabirgða, taka niður aftur skömmu fyrir skólabyrjun og setja allt upp frá grunni í þeirri aðstöðu sem var endurnýjuð. Allur kostnaður við þessa framkvæmd féll

á rekstur skólans. Hér var um verulegan kostnaðarauka að ræða, mun meiri en ráð var fyrir gert, þar sem m.a. reyndist nauðsynlegt að kaupa tölverða sérfræðipjónustu sem reyndist dýr.

Aukakostnaður skólans í tengslum við viðhalds- og endurbótaframkvæmdir var hátt í 5 milljónir á árinu.

Niðurstaða rekstrar skólans á árinu 2008 var neikvæður sem nam réttum 1,2 milljónum. Í fjárhagsáætlun hafði verið gert ráð fyrir um 5 milljón króna afgangi til að greiða niður eldri skuld skólans við ríkissjóð. Útgjöld tengd framkvæmdunum er helsta skýring þess hvers vegna það markmið náðist ekki.

Á síðustu fjórum árum hafa miklar framkvæmdir staðið yfir við skólann, nýbygging risið, nýtingu eldri húsa breytt mikið og allir innviðir endurnýjaðir nánast frá grunni. Á þessum tíma hafa háar fjárhæðir fallið á rekstur skólans í tengslum við þessar framkvæmdir og má rekja 12 – 15 milljónir af útgjöldum á rekstrarlið skólans beinlínis til þessa á síðustu 4 árum. Þessi útgjöld hafa haft veruleg áhrif á rekstrarniðurstöðu undanfarinna ára.

Pegar endurbygging og breytt nýting eldri húsa var ákveðin þá var ekki gert ráð fyrir neinu fé til kaupa á stofnbúnaði eftir breytingar. Í nýbygginguna var hins vegar gert ráð fyrir framlagi til stofnbúnaðar samkvæmt reglum. Útgjöld vegna stofnbúnaðar í eldri húsin voru af stjórnendum skólans varlega áætlaðar 20 milljónir enda var m.a. verið að endurbyggja og úrbúa upp á nýtt bókasafn, tvær raungreinastofur og þrjár tölvukennslustofur.

Skólinn hefur ítrekað sótt um framlag til að mæta þessum útgjöldum til Hafnarfjarðarbæjar og ríkisins þar sem þetta eru útgjöld sem beinlínis má rekja til breytinga sem voru nauðsynleg samfara nýbyggingu.

Hafnarfjarðarbær féllst á rök skólans, skildi þörfina og hefur greitt sinn hluta í þessum kostnaði. Engin svör né önnur viðbrögð hafa hins vegar fengist frá Menntamálaráðuneytinu né öðrum að hálfu ríkisins vegna þessa þrátt fyrir erindi bæði af hálfu skólans og Hafnarfjarðarbæjar.

Það er með öllu óviðundandi að aldrei hafi verið tekin afstaða til þessa erindis í Menntamálaráðuneytinu og því svarað með formlegum hætti.

Á árinu 2008 fékk skólameistari excelútgáfu reiknilíkans fyrir skólann. Í kjölfar þess var send athugasemd og fyrirspurn til Menntamálaráðuneytisins varðandi útreikninga og niðurstöðu líkansins fyrir skólann. Enn hafa engin svör borist við þeirri fyrirspurn sem er óásættanlegt.

Á síðustu árum hefur verið farið í vítækar aðgerðir innan skólans til að hagræða í rekstri samfara stækkun skólans. Miklu aðhaldi hefur verið beitt við nýráðningar starfsfólks. Þrátt fyrir mikla fjölgun nemenda hefur starfsmönnum á skrifstofu, stjórnun og við ýmsa stoðpíónustu ekki fjölgað á sama tíma. Rekstur skólans, innan hvers árs, hefur verið í jafnvægi undanfarin þrjú ár þrátt fyrir þau auka útgjöld sem hafa tengst framkvæmdunum. Ef þau útgjöld hefðu ekki fallið á skólann í svo miklum mæli væri niðurstaða rekstrar þessi ár betri sem því næmi.

Á árinu 2009 er gert ráð fyrir rúmlega 3% niðurskurði á fjárframlögum til skólans eins og annarra skólastofnanna. Í ljósi efnahagsástands þjóðarinnar er síðan boðaður enn frekari niðurskurður árið 2010.

Þar sem á undanförunum árum hefur verið hagrætt gríðarlega mikið í öllum rekstri innan skólans er vandséð að unnt verði að bregðast við þessum eða frekari niðurskurði án þess að skerða þjónustu skólans við nemendur og nærsamfélagið. Það er unnt að gera. Verði í þeim niðurskurði einungis litið til þeirra þátta í rekstri skólans sem er óhagkvæmastur og því eðlilegast að skera niður mun það hafa mikil áhrif á vissan hóp nemenda, þá sem höllustum fæti standa námslega, félagslega eða tilfinningalega. Það getur síðan aftur leitt til verulega aukinna útgjalda eða erfiðleika hjá öðrum stofnunum samfélagsins.

Þess vegna er mjög mikilvægt að tekin verði pólitísk ákvörðun um hvar sú skerðing eða sparnaður sem er nauðsynlegur á að koma niður.

Lokaorð

Þau tímamót urðu á árinu 2008 að nær 10 ára óslitinni viðhalds- og framkvæmdasögu lauk. Nýbygging að fullu komn í notkun og allt eldra húsnæði skólans nú endurnýjað til breyttrar notkunar. Húsnæði skólans er nú mjög gott og hentar vel undir starfseminna. Aukið húsnæði er þó nú þegar meira en fullnýtt vegna stóraukinnar aðsóknar nemenda á undanförunum árum. Það virðist því ljóst að þrátt fyrir aukið húsnæði skólans þá mun skólinn vera nokkuð frá því að geta sinnt öllum þeim nemendum sem vilja koma til náms í skólanum á næstu árum nema verulega dragi úr aðskókn.

Allt innra starf gekk vel á árinu miðað við aðstæður enda reynt að draga úr umfangi annarra verkefna en þeirra sem tengdust framkvæmdunum og lokum þeirra á haustmánuðum 2008. Á síðari hluta ársins var lögð áhersla á að undirbúa og hefja vinnu við nýja skólanámskrá í samræmi við ný lög fyrir framhaldsskólann sem tóku gildi að hluta 1. ágúst 2008.

Niðurstaða reksturs á árinu var nokkurn veginn í jafnvægi en ekki tókst að ná því markmiði að greiða niður uppsafnaðan rekstrarhalla, fyrst og fremst vegna ófyrirséðra útgjalda í tengslum við framkvæmdirnar í skólanum.

Mikil aðsókn nemenda var að skólanum og skólinn í raun yfirsetinn á haustönn. Starfsbraut skólans er þegar orðin fjölmennari en ráð var fyrir gert. Við innritun gat skólinn sinnt megin þorra umsókna nýnema, alls voru teknir inn 243 nýnemar, þar af 18 í fjölgreinanám sem er rekið í samstarfi við aðila utan skólans. Alls voru teknir inn rúmlega 300 nýir nemendur á haustönn 2008 en tæplega 70 umsóknum var ekki unnt að sinna.

Vel gekk að ráða kennara og annað starfsfólk til starfa á árinu 2008.

Á árinu var gerð úttekt á sjálfmatsferli og sjálmatsaðferðum skólans og stóðst skólinn allar kröfur og viðmið sem gerðar eru um sjálfsmat.


Enginn skólasamningur er í gildi og hefur ekki verið frá upphafi árs 2006. Stjórnendur skólans leggja áherslu á að gengið verði til samninga við skólann og gengið frá nýjum skólasamningi. Það er óviðunandi að samskipti skólans og ráðuneytis fylgi ekki formlegum og lögbundnu ferli um meðferð mála.

Á árinu 2009 er gert ráð fyrir rúmlega 3% hagræðingu í rekstri. Í ljósi hagræðingar undanfarinna ára er útlit fyrir að erfitt verði að ná þeim sparnaði án skerðingar á þjónustu við nemendur.

Á fjárlögum 2009 er gert ráð fyrir fækkun ársnemenda við skólann, þvert á tillögu stjórnenda skólans og þrátt fyrir að allar rauntölur sýni þveröfuga þróun. Aldrei hafa fleiri nemendur verið skráðir við nám á vorönn en á vorönn 2009. Komi ekki til breyting á fjölda ársnemenda er ljóst að það stefnir í mikil vandkvæði við innritun í Hafnarfirði á komandi sumri þar sem Flensborgar-skólinn mun bara geta innritað lítið brot af væntanlegum umsækjendum. Þessi óvænta tillaga um fækkun ársnemenda milli ára mun einnig skapa aukin vandræði við að ná fram þeirri 3% hagræðingu og sparnaði sem gert er ráð fyrir í rekstri á árinu.

Hér er um að ræða mál sem mjög brýnt er að endurskoða og taka afstöðu til áður en kemur að innritunarferlinu í maí 2009.

1. mars 2009



Einar Birgir Steinþórsson
skólameistari